

Sp. 148. Tillaga til þingsályktunar

um tölu lyfjabúða í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fjölga nú þegar lyfjabúðum í Reykjavík, svo að ein búð verði fyrir hverja 5000 íbúa.

Greinargerð.

Fyrir nálega 20 árum voru hér í bænum aðeins tvær lyfjabúðir, og þótti almenningi þetta mikið óhagræði. Ég átti þá þátt í, að tveimur nýjum lyfsölum var veitt leyfi til að stofnsetja nýjar lyfjabúðir. Var þá talið, að bætt væri í bili úr bráðri þörf. En síðan þá hefur höfuðborgin stækkað stórmikið og byggðin orðið miklu dreifðari en þá var. Búa hin nýju úthverfi við mikla nauð í þessu efni. Um mörg undanfarin ár hafa fjölmargir ungir lyfjafræðingar verið tilbúnir að setja á stofn nægilega margar lyfjabúðir til að bæta úr þörf allra bæjarbúa. Heilbrigðisstjórnin ein hefur ekki skilið þessa þörf. Nú vill svo til, að mjög mikill hluti þingmanna á lögheimili í Reykjavík, og þekkja þeir þess vegna til fulls, að í þessari merku grein heilbrigðismála er fullkomið einokunarástand, og sést ekki á því, að Íslendingum hafi þótt hin gamla einokun fá nægilegan reynslutíma á hálfri þriðju öld. En ef nauðsynlegt þykir að viðhalda einokunarskipulaginu, að því er snertir sölu lyfja, má tryggja rétt borgaranna að nokkru með því, að Alþingi mæli svo fyrir, að í Reykjavík skuli jafnan vera ein lyfjabúð fyrir hverja 5000 íbúa.